



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt



LÆRDÓMSSAMFÉLAG KENNARA

Verkefni styrkt af Sprotasjóði

ÚTDRÁTTUR

Samstarfsverkefni Borgarholtsskóla, Rimaskóla og Kelduskóla um aukna samvinnu kennara á framhalds- og grunnskólastigi með það að markmiði að auðvelda nemendum að fara af einu skólastigi á annað.

INNIHALD

Markmið verkefnis.....	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum og frávík.....	2
Helstu hindranir.....	2
Ávinningur og jákvæðir þættir.....	3
Mat á verkefninu	3
Niðurstöður	3
Viðauki 1 – Raddir kennara.....	5
Viðauki 2 – Raddir nemenda	7

Nöfn skóla: Borgarholtsskóli – Rimaskóli – Kelduskóli

Nafn verkefnis: Lærdómssamfélag kennara

Nöfn verkefnisstjóra: Anton Már Gylfason (Borgarholtsskóli), Hrafnhildur Halldórsdóttir (Rimaskóli) og Árný Inga Pálsdóttir (Kelduskóli)

MARKMIÐ VERKEFNIS

Markmið verkefnisins eins og þau voru sett fram í umsókn eru eftirfarandi:

- Að efna til samræðu milli kennara ólíkra skólastiga,
- að auka vitund kennara um nám á aðliggjandi skólastigum og efla skilning á eðli hæfnikrafa við lok grunnskóla og upphaf framhaldsskóla,
- að auðvelda nemendum aðlögun að næsta skólastigi,
- að draga úr brotthvarfi nemenda vegna óöryggis og kvíða á fyrstu önnum náms í framhaldsskóla og
- að gefa nemendum grunnskóla í Grafarvogi tækifæri til að setjast í "framhaldsskólahermi".

Þrátt fyrir að verkefnið hafi ekki hlotið nema tæpan helming þess fjárstyrks sem óskað var eftir var ákveðið að gera ekki breytingu á markmiðasetningu.

LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM OG FRÁVIK



Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir þremur verkþáttum: Samráðshópi sem starfa myndi mest allt skólaárið 2017-18, samráðsfundi kennara á grunn- og framhaldsskólastigi í Grafarvogi og framkvæmd svokallaðs framhaldsskólahermis á vorönn 2018. Voru allir þessir verkþættir framkvæmdir en í smærra sniði en upphaflega var áætlað. Samráðshópur kom t.d. ekki saman fyrr en nokkuð var liði á vorönnina en fundaði nokkuð reglulega eftir það. Bæði samráðsfundurinn og framhaldsskólahermirinn voru takmörkuð við þá tvo grunnskóla sem tóku beinan þátt í verkefninu.

HELSTU HINDRANIR

Erfitt reyndist að fá kennara skólana til þátttöku (sjá viðauka 1). Ekki er gott að segja hvort ástæða þess er að kennarar eru almennt störfum hlaðnir og mega hafa sig alla við að komast yfir sínar daglegu skyldur en þátttaka í samráðsfundi var fremur dræm. E.t.v. hefur tímasetningin – en fundurinn fór fram seint í maímánuði – dregið eitthvað úr þátttöku. Væri ef til vill nær að halda svona fund í byrjun apríl og verður það haft í huga við skipulagningu fundarins að ári.

Ef um er að kenna almennu áhugaleysi kennara á málefnum eru það ekki góð tíðindi. Vonumst við sem að verkefninu stöndum til að svo sé ekki og að með betri kynningu og annarri tímasetningu megi skapa góðan vettvang til samráðs.

ÁVINNINGUR OG JÁKVÆDIR ÞÆTTIR

Nemendur voru almennt mjög hressir með framhaldsskólaherminn (sjá viðauka 2). Þessi hluti verkefnisins heppnaðist mjög vel þrátt fyrir einhverja hnökra á skipulagi. Það er vissulega erfitt að koma hátt í 100 nemendum til viðbótar fyrir í yfir 1000 manna skóla og því fengu ekki allir grunnskólanemarnir alveg það sem þeir vildu. Við sem að skipulagningunni stöndum erum þess þó fullviss að ávinningurinn af framhaldsskólaherminnum sé það mikill að flækjustigið við skipulagninguna sé vel þess virði að takast á við.



MAT Á VERKEFNINU

Verkefnið hefur haft mikil áhrif skólastarfið í þátttökuskólunum. Vissulega hefðum við viljað að áhrifin væru meiri og varanlegri og að fleiri kennarar hefðu tekið þátt. Vonumst við til þess að með áframhaldandi og reglulegum fundarhöldum megi vekja áhuga fleiri kennara og mun allt verða gert til að svo megi verða.

NIÐURSTÖÐUR

Það er mat okkar sem stýrðum verkefninu að það hafi heppnast vel. Þeir fjölmörgu nemendur sem fengu að reyna á eigin skinni hvað það er að setjast á skólabekk í framhaldsskóla voru ánægð með reynsluna og tjáðu sig um það í verkefnum sínum. Reynslan hefur án efa dregið úr kvíða og þeirri spennu sem á það til að myndast við þessar umbreytingar.



Kennarar þessara nemenda mega taka áhugasemi nemenda sinn sér til fyrirmyndar. Mikilvægt er að kennararnir – sem verða eðli máls samkvæmt yfirleitt eftir á viðkomandi skólastigi þegar nemendur færast yfir – geti sett sig í spor ungmennina og hafi sæmilega hugmynd um það sem á sér stað á aðliggjandi skólastigum. Á það að

sjálfsögðu við um kennara framhaldsskólans jafnt sem grunnskólans. Í samræðunni komu fram miklar upplýsingar sem mikilvægt er að hafa á takteinum ætli kennarar að ná að sinna því hlutverki sínu að undirbúa og taka við ungu fólki á viðkvæmu aldurs skeiði og styðja það til góðra verka.

Að þessu sögðu má færa fyrir því rök að markmið a), b) og c) hér að ofan hafi náðst að nokkru leyti. Betur má þó ef duga skal. Of snemmt er að leggja mat á hvort markmið d) hafi náðst en þeir sem að verkefninu standa eru bjartsýn á að sá nemendahópur sem tók þátt hafi öðlast reynslu sem hjálpi honum að komast yfir þá erfiðleika

sem umskiptum frá grunn- í framhaldskóla fylgja. Fullyrða má að markmið e) hafi náðst a.m.k. hvað varðar þá tvo grunnskóla sem tóku þátt.

Þegar hefur verið ákveðið að halda áfram með framhaldsskólaherminn á næsta skólaári. Þeim tveimur skólum sem tóku þátt að þessu sinni verður boðin áframhaldandi þátttaka og leitað verður leiða til að bjóða öðrum skólum hverfisins til þátttöku. Í framhaldi af herminum verður svo efnt til fundar með kennurum þeirra skóla sem taka þátt.

Anton Már Gylfason
Verkefnisstjóri

Ársæll Guðmundsson
Skólameistari Borgarholtsskóla

FIÐRILDI Í MAGANUM - FRAMHALDSSKÓLAHERMIR

Fundur samstarfsaðila 24. maí 2018
Borgarholtsskóli - Kelduskóli - Rimaskóli

Á fundinn mættu um 20 starfsmenn skólanna til að ræða árangurinn.

Ígrundun hópa (A,B og C) um skilin milli skólastiga. Skipt eftir kennslugreinum:

- Unnur Gísladóttir, Borgarholtsskóla (félagsgreinar)
- Berglind Halldórsdóttir, Kelduskóla (samfélagsgreinar)
- Sveinn Þorgeirsson, Borgarholtsskóla (íþróttir)
- Fiona Elizabeth Oliver, Kelduskóla (enska og umsjón)
- Eva Leplat, Borgarholtsskóla (franska og umsjón)
- Kristján Ari Arason, Borgarholtsskóla (sviðstjóri bóknáms / sálfræði).
- Sigurður Þórir Þorsteinsson, Borgarholtsskóla.
- Kristín María Ingimarsdóttir, Borgarholtsskóla (listgreinar)
- Þiðrik Christian Emilsson, Borgarholtsskóla (listgreinar)
- Guðlaug María Bjarnadóttir, Borgarholtsskóla (leiklist)
- Kristín Halla Þórisdóttir, Kelduskóla (verkefnastjóri)
- Líney Björg Sigurðardóttir, Kelduskóla (náms- og starfsráðgjafi)
- **Nöfn vantar á þátttakendur í einum hópi**

Þekking:

A. Grunntilfinning kennara er að grunnþekkingu og verklagi nemenda sé ábótavant þegar þeir koma í framhaldsskóla. Mikill munur á vinnulagi nemenda í upphafi skólagöngu og svo eftir fyrsta árið.

B. Krafa um þekkingu minni en áður - kemur niður á leikni og hæfni.

C. Greinilegur munur milli grunnskóla varðandi kröfur um þekkingu, leikni og hæfni. Námsráðgjafar virðast vísa í listgreinar „vegna þess að nemendur séu ekki sterkir á bókina“. Staðreyndin sé sú að listnám sé krefjandi. T.d. í leiklist þurfi nemendur góða íslenskukunnáttu og - hæfni. Grunnskólinn býður upp á kennslu í margmiðlun sem grunn fyrir framhaldsskólamenntun í listum. Grunnskólinn og samfélagið hefur ekki skilning á mikilvægi skapandi greina, kemur meðal annars fram í aðalnámskrá grunnskólans.

Ábyrgð nemenda, agi:

A. Erfitt þegar kennarar eru með mismunandi reglur og agastjórnun í tímum. Mikilvægt að kennarar séu samkvæmir sjálfum sér. Nemendur ættu að geta „lært“ á kröfur hvers kennara og tekið ábyrgð á eigin námi. Grunnskólinn sumpart eins og ferðalag á snekkju með skipstjóra en framhaldsskólinn feli í sér að nemandinn rói á eigin ábyrgð út á ókunnar slóðir með leiðsögn úr landi.

B. Ábyrgð nemenda þyrftir að vera meiri. Símat hjálpar til að viðhalda lágmarksábyrgð.

C. Auka þarf ábyrgðarskilning nemenda m.t.t. mætinga, aga og verkefnaskila. Valmöguleikar nemenda mikilvægir í þessu sambandi. Erfitt getur verið fyrir nemendur sem hefja listnám í framhaldsskóla – eru með væntingar um að námið sé auðveldara en bóknámið. Nemendaábyrgð er mjög mismunandi eftir árgöngum.

Orðræðan:

B. Grunnskólakennarar benda nemendum á almenna kosti framhaldsskólans. Nemendur nokkuð uppteknir af að þá skapist tækifæri til að vinna með námi.

C. Jákvætt umtal um listabrautina í BHS í Listaháskólanum og á vinnumarkaði. Svo virðist sem betur sé hlúð að stúlkum - strákar hins vegar meira áberandi. Varðandi styttingu náms til stúdentsprófs - grunnskólinn er ekki „gefins“. Vantar grunnhæfni og kunnáttu í íslensku.

Námsmat:

A. Eftirsjá af einhverskonar „samræmdum prófum“ til að tryggja samræmda hæfni nemenda við skipti milli skólastiga. Nokkuð um að „góðsemi“ grunnskólakennara í hæfnimati og lokaekinnun komi í bakið á nemendum síðar - hætt við að þeir eigi erfitt með að fóta sig í áföngum sem þeir hafa ekki nægan undirbúning fyrir. Erfitt að lesa í umsóknir grunnskólanema, ekki nægjanlegt samræmi í einkunnamati milli skóla. Sumir enn með prófaviku en aðrir með símat.

B. Grunnskólakennarar almennt óánægðir með að notaðir séu bókstafir í stað einkunna með tölugildi. Í Rimaskóla hafi kennarar búið til sín eigin hæfniviðmið.

C. Mikilvægt að rökstyðja umsagnir um verk nemenda. Fjölbreytni í námsmati lykilatriði, þar með talið jafningjamat og sjálfsmat.

Annað:

A. Svona kynningar, heimsóknir grunnskólanema í framhaldsskóla og háskóla mjög gagnlegar. Til þess fallnar að draga úr kvíða og skapa jákvæð viðhorf. Styrkir nemendur í markmiðssetningum sínum, styrkir fyrirmyndir og framtíðarsýn og opnar sýn á fjölbreytni.

C. List- og verkgreinar oft á tíðum „jaðarsettar greinar“. Mikilvægt að orðræðan um skapandi greinar sé ekki bara orð á tyllidögum. Vonandi að hið almenna viðhorf samfélagsins breytist til batnaðar. Bæta má félagslíf í framhaldsskólum. Afreksíþróttabrautin aðlaðandi kostur fyrir nemendur í íþróttum. Nokkur stimpill er á „framhaldsskólabrautinni“.

Framhaldsskólahermirinn

Sprotasjóðsverkefnið „Lærdómssamfélag kennara“

Framhaldsskólahermirinn er verkefni sem hefur það markmið að kanna annars vegar hvernig nýnemum þykir að koma í framhaldsskóla og hinsvegar hvaða tilfinningu nemendur í grunnskóla hafa fyrir framhaldsskólanum. Verkefnið er sett upp sem hermir af framhaldsskóla, þar sem nemendur fá val um að sækja ólíka áfanga, en jafnframt (sem er ekki síður mikilvægt) að upplifa „óformlega“ þætti námsins.

Hér er samantekt og orðræðugreining á niðurstöðum verkefnis sem unnið var í samstarfi nemenda Borgarholts-, Ríma- og Kelduskóla. Verkefnið var unnið í lok dags í lífsleiknitíma þar sem nemendur áttu samtalið þvert á skólastig. Unnið var með ákveðin þemu: UMSKIPTI – VAL – PRAKTÍSK MÁL – ÍGRUNDUN. Efnið var tekið saman með það að markmiði að koma auga á hvaða þættir skipta nemendur máli þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla.

Í ljós kom að niðurstöður voru að miklu leyti samhljóða niðurstöðum frá því vormisseri 2016.

UMSKIPTI

Undir þemanum umskipti var fyrst og fremst verið að leita eftir hvernig nemendur upplifðu að fara milli skólastiga að nemendur Borgarholtsskóla gætu deilt góðum ráðum, í hverju þessu breyting felst og hvort að þau hefðu einhver kvíðaefni.

„Fiðrildi í maga“

Nemendur voru jákvæðir og mikið um spennu fyrir því að fara á næsta skólastig. Þeim fannst nokkrum að gert væri of mikið úr þessari breytingu á grunnskólastigi, en í raun væri framhaldsskólinn frjálsgri hvað varðar frímínútur og félagslíf. Einhver þeirra óttuðust að námið yrði þyngra og jafnframt það að vera lengur í skólanum á daginn. Annars mikið um jákvæðni.

Hvernig eru umskiptin úr grunnskóla í framhaldsskóla – hvað þarf að hafa í huga?

- Er alltaf með sama hóp
- Ert ekki alltaf með sama fólki
- Í framhaldsskóla þekkir þú engann í tíma, þarft að láta heyra í þér, vingast við fólk og ekki vera feiminn
- Hlutlaus, spennt að hætta í grunnskóla
- Ekki eins miklar breytingar og um var talað í grunnskóla, mikilvægt að vera spennt en ekki stressuð
- Vera opin þegar þið komið í framhaldsskóla, vel undirbúinn og tilbúin að læra meira
- Fiðrildi í maga
- Félagslífið mun aukast, frjálssara umhverfi, erfiðara nám og öðruvísi kennsla
- Skrítið og erfitt
- Skemmtilegra félagslíf
- Öðruvísi félagslíf, ef þú „fokkar“ er það þér að kenna og þarft að gera eitthvað í því
- Meira að hugsa um sjálfan sig
- Gott að vera í skóla sem er nálægt heimili þínu

- Það þarf að hafa áhugamál, framtíð og staðsetningu í huga
- Einkunnir
- Erfiðara nám

Kveið/kvíðir ykkur fyrir að hefja nám í framhaldsskóla? Hlakkar ykkur til? Var spennandi að byrja í Borgó?

- Spennandi að byrja
- Enginn kvíði
- Kvíði fyrir auknu námi
- Spennungur en á sama tíma stress
- Hlakka til að breyta til
- Fiðringur og fiðrildi
- Tilhlökkun
- Lítt kvíði en þó einhver, aðallega félagslega

Hvað var mesta breytingin við það að fara í framhaldsskóla? Einkunnir og fyrstu áfangar hvernig virkar það?

- Ekki bókstafir, ekki lokapróf
- Símat ekki lokapróf
- Fyrstu áfangar góður grunnur
- Hefur ekki lengur þekkingu þinn að styðjast við
- Meira krefjandi nám
- Einkunnir lækka í framhaldsskóla, en eignast fleiri vini
- Erfiðara nám og strangari kennarar
- Miklu frjálsglegra og skemmtilegra (framhaldsskólinn)
- Frjálssari mæting
- „Öllum er sama“
- Þarft að taka undirbúningsáfangana ef þú nærð ekki lágmarks einkunnum
- Lengri skóladagar, lengri tímar en meira frelsi
- Fjölbreyttir áfangar
- Meira heimanám

ÍGRUNDUN

Ígrundunarþátturinn fólst í því að nemendur skoðuðu upplifun sína af deginum. Hvað þeim þótti gagnlegt og gaman, hvort að eitthvað hefði verið kvíðavaldandi eða tilhlökkunarefni.

Nemendum fannst almennt gagnlegt og áhugavert að koma í „raunverulega kennslu“, fannst þau fá innsýn í starf skólans og upplifa virkni hans. Þau voru áberandi lítið stressuð eða kvíðinn aðallega sneri kvíðinn að því að vera „ein/n í tíma“. Tilhlökkunarefni sneru að því frelsi sem felst í því að vera í framhaldsskóla.

Finnst ykkur gaman og ganglegt að koma að upplifa framhaldsskólann á þennan hátt?

- Skemmtilegt
- Jákvæð
- Áhugavert
- Gagnlegt og gaman
- Gefur tilfinningu fyrir nemendum og kennurum
- Upplifun
- Gaman að koma í stærðfræði

Eitthvað í þessu ferli í dag sem olli ykkur kvíða?

- Nei
- Að þurfa að fara á framhaldsskólabraut
- Að þekkja engann

Er eitthvað annað í þessu ferli sem fær ykkur til þess að hlakka til? Tilhlökkunarefni nemenda BHS þegar þeir hófu nám?

- Nýtt umhverfi
- Að fara í nýjan skóla
- Afrekið
- Að velja sér braut og nám
- Félagslífið
- Námið

VAL

Þegar kom að liðnum val, var markmiðið að átta sig á því, hvað stýrir vali nemenda á framhaldsskóla. Spurt var hvort að val vina hefði áhrif og hvort að nemendur Borgarholtsskóla væru ánægðir með val sitt. Einnig var leitast við að draga fram reynslu framhaldsskólanema hvort að það væri eitthvað sem grunnskólanemendur þyrftu að vita þegar þeir veldu sér skóla.

Almennt voru nemendur sammála um að námsbrautir, félagslíf og nálægð markaði val þeirra á framhaldsskóla. Þá fannst þeim val vina skipta einhverju máli, en almennt sneru kvíðaefni af því að hafa ekki félag á skólanum. Nemendur töluðu um að þeir hefðu viljað vita um reglur og viðmið skóla til undirbúnings, einnig hvernig kennara skólanna væru. Þá mátti greina að þau voru áhugasöm um breytt námsmat skólans (afnám lokapróf, símat) og jafnframt má lesa að afreksbraut sé mikið aðdrátaafli fyrir skólann.

Hvað horfðu/horfði þið á þegar ákveðið var hvaða framhaldsskóla þið völduð/veljið?

- Afreksbraut
- Stutt í skólann
- Bifvélarvirkjun
- Brautirnar
- Nálægð
- Félagsskapur
- Símat
- Öruggetta um að komast inn
- Áfangaskóli
- Vinir
- Flottur skóli
- Gott andrúmsloft
- Áhugamál
- Félagslíf
- Viðskiptabraut
- Afslappaður skóli
- Staðsetning

Skiptir val vinkonu/vinar máli? Hvernig líður ykkur með þetta val efir að hafa verið í BHS eina önn?

- Völdum sjálfstætt
- Já/nei
- Líður vel og eru ánægð

Hvað hefði ég viljað vita þegar ég valdi framhaldsskóla? - Hvað vil ég vita?

- Uppbygging náms
- Kennslan
- Þú lendir ekkert endilega með vinum þínum í tíma
- Er mikið heimanám
- Gaman að prófa nýtt
- Félagslífið
- Hvernig kennaranir eru
- Hversu illa að tekið til námsörðugleika í íslensku í skólanum
- Bílabraut sé líka bóklæg
- Ekki gott félagslíf, kennarar óskipulagðir
- Hversu langur skóladagurinn er
- Hvernig kennarar eru
- Mætingarkerfið
- Hvernig maturinn er

PRAKTÍSK MÁL

Undir liðnum praktísk mál, var hugmyndin að hvetja nemendur til þess að deila þekkingu sinni og reynslu hvað varðar mætingu, leyfi, útlandaferðir og hvernig tekið væri á einelti innan skólans.

Nemendur voru meðvituð um að mæting skiptir máli. Þau þekktu vel til leyfisreglna og gátu miðlað þeim upplýsingum. Hvað einelti varðaði töluðu þau um að það þekkist allsstaðar, en þó að þeim þætti meira um það í grunnskóla en framhaldsskólanum.

Er skólinn strangur á mætingu? Skiptir mæting í grunnskóla máli þegar sótt er um framhaldsskóla?

- Mæting skiptir máli
- Gildir til einkunnar
- Þarft mætingu til að ná áfanganum
- Mæting úr grunnskóla skiptir engu

Er hægt að fá leyfi til að fara til læknis/útlanda? Hvað gerist ef maður fellur í áfanga?

- Þarft að endurtaka áfanga, ef þú fellur
- Ekki hægt að skrá leyfi
- Hefur veikindadaga
- Viss leyfi á afrekinu
- Þarft læknisvottorð
- Mátt taka áfanga þvisvar

Þekkist einelti í framhaldsskóla? Hvernig er stoðþjónustan í skólanum (námsráðgjafar, umsjónakennarar)?

- Mjög lítið
- Auðvelt að fá stuðning frá námsráðgjöfum og umsjónarkennurum
- Stoðþjónusta er fín
- Stoðþjónusta lítið notuð
- Það er einelti allsstaðar (en minna sýnilegt þegar þú ert á efri námsstigum)
- Nei/Já